

Samningur ÍSÍ og AIC



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands <isi@isi.is>

fös. 23.3, 16:40

Svara öllum | ▾

Inbox

Samningur_ISI_og_AIC_... 380 KB	Bref_AIC_samningur_20... 304 KB
Svara öllum ▾ Eyða Rúsl ▾ Syna oft 2 viðhengi (684 KB) Hlaða öllu niður	

Til sambandsaðila ÍSÍ

Reykjavík, 23. mars 2018

Ágætu félagar!

Sem viðhengi með tölvupósti þessum er bréf ÍSÍ vegna nýs samnings við Air Iceland Connects (AIC), ásamt afriti af samningnum.

Eins og einhver ykkar kunna að vita, þá urðu tafir á samningsferlinu þegar ljóst varð að AIC hafði ekki í hyggju að nota sama fyrirkomulag á nýju samningstímabili og venja hafði verið.

Samningsaðilar þurftu þá að lenda annarri lausn sem gæti skilað hreyfingunni álíka kjörum og áður fengust. Við biðjumst velvirðingar á þessum töfum og þeim óþægindum sem sköpuðust á meðan.

Samkvæmt nýjum samningi þá fara bókanir íþróttahópa eftir sem áður í gegnum hópadeild AIC. Sú deild hefur þjónað íþróttahreyfingunni afar vel í gegnum tíðina og reynsla starfsmanna deildarinnar af bókunum fyrir íþróttahreyfinguna er mikil.

Varðandi einstaklingsbókanir þá varð niðurstaðan sú að AIC gefur út inneignarnúmer sem gilda hvert og eitt sem 2.500 krónur pr. fluglegg upp í þau fargjöld sem í boði eru hverju sinni á bókunarsíðu AIC.

Inneignarnúmerin fást á skrifstofu ÍSÍ á skrifstofustíma og er því mikilvægt að haga bókunum þannig að tími gefist til að hringja til ÍSÍ og nálgast númer fyrir þann fjölda flugleggja sem fyrirhugað er að bóka.

Vinsamlegast kynnið ykkur nýja samninginn vel og lesið vandlega yfir bréf ÍSÍ sem fylgir þessum pósti.

Við óskum eftir því að þið sendið þennan póst og viðhengi hans áfram til ykkar aðildarfélaga, svo að sem flestir geti kynnt sér samninginn og nýtt fyrirkomulag.

Ef nánari upplýsinga eða útskýringa er þörf, hikið ekki við að hafa samband við skrifstofu ÍSÍ.

Með bestu kveðju,

Halla Kjartansdóttir
skrifstofustjóri ÍSÍ



Til sambandsaðila

Reykjavík, 23. mars 2018

Efni: Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connect

Ágætu félagar!

ÍSÍ og Air Iceland Connect (AIC) hafa undirritað samstarfssamning um afsláttarkjör í innanlandsflugi fyrir íþróttahreyfinguna. Samningurinn, sem gildir til 1. febrúar 2019, fylgir hér með og er einnig að finna á heimasíðu ÍSÍ undir liðnum „Um ÍSÍ“.

Undirritun samninga tafðist nokkuð þar sem AIC tilkynnti að fyrirkomulag það sem tíðkast hefur í formi svokallaðra ÍSÍ-fargjálða yrði ekki lengur í boði. Þá hófust viðræður um nýtt fyrirkomulag sem hér er kynnt til sögunnar. Vegna óvissu um hvernig þetta nýja fyrirkomulag mun reynast þá er ákvæði í nýja samningnum um að aðilar fundi eigi síðar en 15. maí nk. þar sem samningurinn verður metinn með tilliti til árangurs og eftir atvikum endurskoðaður.

Íþróttahópar munu bóka, eftir sem áður, í gegnum hópadeild AIC og verða tvennis konar fargjöld í boði (sjá meðfylgjandi samning). Eins og áður, er takmarkaður fjöldi sæta í boði í hverri vél og því er mikilvægt að hreyfingin hafi tímamál fyrir sér við bókanir. Meiri líkur eru á hagstæðum fargjöldum ef bókunarfyrirvari er rúmur.

Íþróttahópar sem bókaðir eru í gegnum hópadeild þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir tösku og nafnabreytingar eru ókeypis ef tilteknir frestir, sem fram koma í samningi, eru virtir.

Varðandi bókun einstaklinga, sem áður fóru einnig í gegnum þjónustukrifstofur AIC, þá eru þær bókanir nú í höndum félaganna sjálfra, sambanda eða viðkomandi einstaklinga, í gegnum bókunarsíðu AIC. Til að virkja afslátt fyrir einstaklingsbókanir þarf að fá inneignarnúmer (kóða) á skrifstofu ÍSÍ. Hvert inneignarnúmer jafngildir 2.500 króna inneign. Einungis er hægt að nota eitt inneignanúmer pr. fluglegg. Hægt er að nota inneignina upp í fargjöld í öllum verðflokkum sem í boði eru á bókunarsíðu AIC. Þar sem afslátturinn er föst upphæð þá er hann hlutfallslega hagstæðastur á lægstu fargjöldunum. Góður fyrirvari á bókun getur því borgað sig.

Inneignarnúmerin er hægt að nálgast hjá ÍSÍ á skrifstofutíma, með því að senda póst á netfangið linda@isi.is eða í gegnum síma 514 4000. Það þarf því að sýna fyrirhyggju ef bóka á flug utan þess tíma. Íþróttafélög og sambönd sem bóka einstaklinga reglubundið í föst verkefni, geta haft samband við Lindu Laufdal á skrifstofu ÍSÍ varðandi nánara samkomulag um úthlutun inneignarnúmera vegna fyrirhugaðra verkefna.

Eins og áður er samningur ÍSÍ og AIC byggður á gagnkvæmu trausti og virðingu á milli aðila. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur samninginn vel. Ef þið hafið ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara, vinsamlegast sendið þær á netfangið isi@isi.is. Óskað er eftir því að ábendingarnar feli í sér skýran rökstuðning og jafnvel dæmi ef þannig ber undir, svo að ÍSÍ fái góða yfirsýn yfir hvert mál.

Ef nánari útskýringa eða upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu ÍSÍ.

Með íþróttakveðju,

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Lárus L. Blöndal
forseti

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



Air Iceland
Connect



SAMNINGUR MILLI AIR ICELAND CONNECT (AIC) OG ÍþRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ)

Gildir frá 1. mars 2018 til 1. Febrúar 2019

Markmið með samningi þessum er að íþróttafolk á vegum ÍSÍ, sérsambanda ÍSÍ, íþróttahéraða og einstakra íþróttafélaga, stjórnarmenn og starfsmenn ÍSÍ, sérstakra samstarfsaðila samþykkta af ÍSÍ og deilda innan vébanda ÍSÍ ferðist með Air Iceland Connect.

Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvara laust og getur AIC þá rift samningi gagnvart einstökum sambandsaðilum/íþróttafélögum innan ÍSÍ.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur AIC forgang á að flytja ÍSÍ félaga innanlands. ÍSÍ beitir sér fyrir því við erlend íþróttasambönd að þau ferðist með AIC á leiðum þess.

AIC mun veita ÍSÍ afslátt að upphæð 2.500 krónur á hvern fluglegg fyrir einstaklinga.

Einstaklingar:

AIC mun senda ÍSÍ inneignarnúmer með 2.500 kr. inneign. 500 inneignir verða sendar í hvert skipti og hefur ÍSÍ samband við AIC áður en inneignirnar klárust og munu þá fá næstu 500 sendar. ÍSÍ félagi hefur svo samband við ÍSÍ fyrir hverja ferð og ef hann á rétt á styrk þá fær hann eitt inneignarnúmer fyrir hvern fluglegg. Einstaklingurinn bókar svo á www.airicelandconnect.is og notar upphæðina upp í það almenna fargjald sem til er hverju sinni.

ATH: einungis má nota eitt inneignanúmer á manni upp í greiðslu á hverjum fluglegg. Ef fleiri en ein inneign er notuð þá áskilur AIC sér rétt til þess að taka út auka inneign og rukka viðkomandi einstakling um mismuninn.

Íþróttahópar:

Íþróttahópar bóka eftir sem áður hjá Hópadeild AIC og fá það ÍSÍ-hópafargjald sem er í boði hverju sinni. Ath. að eftir því sem bókunar fyrirvarinn er lengri því meiri líkur eru á að fá lægstu verðin.

29
GG



Air Iceland
Connect



ÍSÍ hópafargjöld

ÍSÍ	Fargjald	Skattur frá RKV	Skattur til RKV
Akureyri	9.975	2.390	1.665
Egilsstaðir	11.445	2.390	1.665
Ísafjörður	9.975	2.390	1.665

ÍSÍH	Fargjald	Skattur frá RKV	Skattur til RKV
Akureyri	13.718	2.390	1.665
Egilsstaðir	15.561	2.390	1.665
Ísafjörður	13.718	2.390	1.665

Framlag ÍSÍ

ÍSÍ mun kynna innihald þessa samnings vel fyrir sínum aðildarfélögum.

ÍSÍ mun taka það fram á heimasiðu sinni að Air Iceland Connect sé styrktaraðili ÍSÍ.

Skilmálar fyrir íþróttahópa

- Íþróttahópur skal ferðast saman
- Hópar verða að bóka hópafargjald með að lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara.
- Staðfestingargjald þarf að borga við bókun, 2.500 kr. á farþega á hvern fluglegg. Staðfestingargjaldið er óendurgreiðanlegt.
- Nafnalið og greiðsla fyrir hópinn þarf að berast AIC minnst viku fyrir brottför. Ef nafnalið berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur AIC sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 2.500.- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega ef afbókað er lágmark 24 klst. fyrir brottfaratíma. Sé afbókað með minna en sólarhrings fyrirvara þá er ekkert endurgreitt nema flugvallarskattar.
- Breytingar eru leyfðar gegn kr. 2.500.- breytingargjaldi á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega. Einnig þarf að greiða mismun á fargjaldi ef einungis er laust á dýrara fargjaldi. Þó eru nafnabreytingar leyfðar án kostnaðar.
- 20 kg eru leyfilegur farangur / 6 kg handfarangur. Greiða þarf sérstaklega fyrir sértækan farangur eins og t.d. skíði og golfsett. Ef aðildarfélag ÍSÍ kemur með sértækan farangur í vöruafgreiðslu Flugfrakt Icelandair Cargo (samstarfsaðili AIC) 24 klst. fyrir brottför að þá veitir Air Iceland Connect 50% afslátt af sértækum farangri.
- Bókanir fyrir dómara á vegum ÍSÍ mun fara áfram fram í gegnum hópadeild AIC og munu skilmálar fyrir þá vera eins og fyrir aðra ÍSÍ-hópa.



Air Iceland
Connect



Samningsslit og endurnýjun

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningsaðilar eru sammála um að eigi síðar en 15.12. 2018 verði fundað um endurnýjun samningsins.

Þar sem um nýtt fyrirkomulag er að ræða eru samningsaðilar sammála um að fundað verði eigi síðar en 15.05.2018 um núverandi samning, hann metinn með tilliti til árangurs og eftir atvikum endurskoðaður.

Reykjavík, 23. Febrúar 2018

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

Lárus L. Blöndal
forseti

Air Iceland Connect

Grímur Gíslason
forstöðumaður sölu- og markaðssviðs